

Mál nr. 259/2009

M v/bifreiðarinnar B

og

vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar þvottastöðvar N

Ábyrgð eigenda þvottastöðvar vegna lakkskemmda á bifreið.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 22. júlí 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins V til nefndarinnar dags. 29. júlí 2009, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Þann 12. maí 2009 ók M bifreiðinni B í gegnum þvottastöð N í Kópavogi. Þegar bifreiðin kom út úr þvottastöðinni gerði M starfsmönnum N viðvart um lakkskemmdir á bifreiðinni sem hann taldi hægt að rekja til þvottastöðvarinnar auk þess sem merki á B hafi farið af og skoðunarmerki að framan hafi tættst í sundur.

M telur að þvottastöð N beri ábyrgð á tjóni því sem varð á B í umrætt sinn. Hann hafi oft farið með B í gegnum þvottastöðvar og það hljóti eitthvað að hafa verið að þessari fyrst tjón varð á B með þeim hætti sem varð.

V telur ósannað að tjón á B megi rekja til bilunar í þvottastöðinni eða vanbúnaðar hennar að nokkru leyti. Ekki sé heldur ljóst að tjónið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna þvottastöðvarinnar. Auk þess vísar V til leiðbeininga til viðskiptavina þvottastöðvarinnar um að ekki sé borin ábyrgð á rispum á bón- eða lakkhúð bílsins.

Álit.

Um er að ræða bifreið sem M fer með í sjálfvirka þvottastöð N í Kópavogi. Í málinu liggur ekkert fyrir um að þvottastöðin hafi verið í ólagi á tjónsdegi. Ekki hefur heldur verið sannað af gögnum málsins að starfsmenn N hafi með saknæmum hætti valdið tjóni á bifreið M. Þegar lítið er til þessa og skýrrar ábyrgðarleysisyfirlýsingar N í leiðbeiningum fyrir viðskiptavini hinnar sjálfvirku þvottastöðvar, sem þeir lesa áður en þeir fara með bifreiðar sínar í gegnum þvottastöðina, telst M ekki hafa sýnt fram á skaðabótaábyrgð N. Greiðsluskylda hefur því ekki stofnast úr ábyrgðartryggingu N hjá V.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu N hjá V.

Reykjavík 18. ágúst 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.